



## MÓSEL & RÍN



**6. – 13. september 2022**  
**Fararstjórn: Íris Sveinsdóttir**

Sumar 17  
Þýskaland | Lúxemborg

## Ferðalýsing

Töfrandi ferð um **Móseldalinn** þar sem rómantík og náttúrufegurð lætur engan ósnortinn. Við dveljum í elstu borg Þýskalands, **Tríer**, hinni öldnu borg Rómverja sem er rík af sögu og fornminjum. Bestu dæmin um stórveldistímann er hliðið **Porta Nigra** og Kaiserthermen, baðhús Rómverja. Heillandi ferðir verða frá Tríer, m.a. til bæjarins **Bernkastel-Kues** sem er andlit Móseldalsins og er rómaður fyrir falleg bindingsverkshús og blæ miðaldanna. Einnig verður komið til bæjarins **Rüdesheim** sem er alger perla við ána Rín í **Rínardalnum**. Þaðan er hægt að fara með kláfi yfir vínhæðir og upp að minnisvarða um sameiningu Þýskalands. Borgin **Koblenz** verður heimsótt, yndisleg borg sem stendur við ármót Mósél og Rín sem mætast við hið svokallaða **Deutsches Eck**. Þá verður farið í skemmtilega siglingu á Mósél. Einnig verður komið til fallega bæjarins Idar Oberstein en hann á sér áhugaverða sögu um gimsteina og státar af fögrum kastala sem gnæfir sem kóróna yfir bænum. Við trompum þessa glæsilegu ferð í stórhertogadæminu **Lúxemborg** sem flestir Íslendingar þekkja. Þar upplifum við töfra þessarar borgar sem á sér yfir 1000 ára sögu og menningu.

**8 dagar | 7 nætur í Tríer**



### 6. september | Flug til Frankfurt & Tríer

Brottför frá Keflavík kl. 7:25. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför og landing í Frankfurt kl. 13:00 að staðartíma. Þaðan verður ekin fögur leið til Tríer, elstu borgar Þýskalands, þar sem gist verður í sjö nætur á góðu hóteli í miðbænum. Hótelið býður upp á heilsurækt í rómverskum stíl, m.a. er sauna og rómverskt gufubað til að endurnærast og slaka á eftir eril dagsins.

### 7. september | Skoðunarferð um Tríer & frjáls tími

Dagurinn byrjar í rólegheitum og eftir góðan morgunverð verður farið í töfrandi skoðunarferð um Tríer. Í þessari elstu borg Þýskalands er að finna mjög merkilegar minjar frá tímum Rómverja en þeir stofnuðu borg árið 16 f.Kr. sem þeir nefndu Augusta Treverorum. Fyrri hluti nafnsins var til heiðurs Ágústus keisara en seinni hlutinn er dreginn af keltenskum þjóðflokki, treveri, sem bjó þar nærri. Hér er margt að sjá, heillandi kirkjur, glæstar barokkbyggingar og ekki má gleyma borgarhliðinu, Porta Nigra frá 2. öld e.Kr., sem er tákn borgarinnar. Að lokinni skoðunarferð verður frjáls tími til að skoða sig betur um í borginni á eigin vegum.





## 8. september | Bernkastel-Kues



Rómantíkin og náttúrufegurðin lætur engan ósnortinn í Móseldalnum. Nú verður ekin fögur leið um dalinn og stefnum við á bæinn Bernkastel-Kues sem er rómaður fyrir falleg bindingsverkshús og töfrandi blæ miðaldanna. Hér gefum við okkur góðan tíma og njótum sælunnar. Eftir góðan tíma þar verður ekið til Trír.

## 9. september | Dagur í Rüdesheim í Rínardalnum

Í dag verður ekið til Bingen við Rín þar sem við tökum ferjuna yfir ána til Rüdesheim. Hann er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn við Rín og þar er alltaf líf og fjör. Mjög gaman er að fara þaðan með kláfi yfir vínhæðirnar að minnisvarða sem byggður var seint á 19. öld til minningar um fyrri sameiningu Þýskalands. Við gefum okkur góðan tíma í þessum skemmtilega bæ því margt er að skoða og upplifa inni á milli bindingsverkshúsanna.

## 10. september | Koblenz & sigling á Mósél ánni



Við hefjum spennandi dagsferð með akstri til Koblenz. Borgin stendur við ármót Mósél og Rín sem mætast við hið svokallaða Deutsches Eck og er oft nefnt eitt fallegasta horn Þýskalands. Hér förum við í skoðunarferð um þessa sögufrægu borg sem er rúmlega 2000 ára gömul. Það er gaman að skoða gamla miðaldabæinn en hann prýða glæstar byggingar og kirkjur, þröngar, litlar götur og gömul bindingsverkshús.

Eftir það verður gefinn frjálts tími til að kanna borgina á eigin vegum en seinni partinn verður farið í ljúfa siglingu á ánni Mósél.

## 11. september | Lúxemborg

Glæsileg ferð í dag til stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem margir Íslendingar þekkja. Lúxemborg var lítið það á tímum stórveldanna í Evrópu og varð oft bitbein þeirra og hefur lent í mörgum hörmungum í gegnum aldirnar. En undir lok 18. aldar var virkið í Lúxemborg orðið mjög öflugt og gekk undir nafninu Gíbraltar norðursins. Áhrifamikið er að skoða neðanjarðarbyrgin sem voru á sínum tíma 25 km löng. Lúxemborg er yndisleg borg með 1000 ára sögu og á meðan við skoðum borgina förum við á milli nútíma glerbygginga, miðaldahúsa og neðanjarðarbyrgja sem gátu hýst 1000 hermenn og hesta. Við verjum drjúgum tíma í að skoða borgina en fáum okkur svo hressingu og njótum mannlífsins á eigin vegum.



## 12. september | Trír & Idar Oberstein

Í dag heimsækjum við nágrannabæinn Idar Oberstein en hann á sér áhugaverða sögu, m.a. um gimsteina og uppgröft, vinnslu og framleiðslu eðalsteina. Hægt er að fara á áhugavert gimsteinasafn eða einfaldlega njóta þess að röltu um þennan fallega bæ og skoða t.d. Oberstein kastalann sem gnæfir yfir bænum. Seinnipart dags gefst tækifæri til að njóta þess að vera í Trír og skoða borgina betur á eigin vegum. Sjálfsagt að kíkja í verslanir eða fara í skemmtilega vínsmökkun sem er víða í boði. Þá er upplagt að nota glæsilega heilsulind hótelsins.



## 13. september | Kveðjustund & heimferð

Skemmtileg ferð tekur enda. Nú er komið að heimferð, þar sem ekið verður til Frankfurt en brottför þaðan er kl. 14:05. Lent í Keflavík kl. 15:40 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

### Verð

**239.900 kr. á mann í tvíbýli** | 49.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

### Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hóteli.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

### Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar, vínsmökkun, kláfar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjófnef.



### Valfrjálst

- ✓ Sigling á Mosel ca € 22.
- ✓ Gimsteinasafn í Idar-Oberstein ca € 8.

